

Alþingi
Erindi nr. P 131/304
komudagur 30. 11. 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóv. 2004

Stjórn Prestafélags Íslands hefur tekið til skoðunar fjögur þingmál sem féluginu hafa borist til umsagnar. Ekki er um að ræða mjög ítarlega úttekt á hverju máli heldur einungis lausleg viðbrögð sem hér segir:

Frumvarp til laga um breyting á lögum um kirkjugarða o. fl.
Í ljósi þess að þetta frumvarp hefur farið til umsagnar margra kirkjulegra aðila og m. a. fengið meðferð á nýafstöðnu kirkjuþingi sér stjórn PÍ ekki ástæðu til annars en mæla með samþykkt þess.

Frumvarp til laga um græðara
Stjórn PÍ telur jákvætt að settar skuli reglur sem viðurkenna óhefðbundnar lækningar innan viss ramma sem gerir kröfur til þeirra sem stunda þær og styrkir þannig rétt þeirra sem leita sér slíkrar þjónustu.

Tillaga til þingsályktunar um nýtingu stofnfrumna úr fósturvísnum
Stjórn PÍ er sammála því álti málshefjenda að ekki verði lengur undan því vikist að fjalla um þetta viðamikla og viðkvæma mál. Jafnframt fagnar stjórnin tillögu um skipan nefndar sem fjalli um læknisfræðileg, siðfræðileg og trúarleg sjónarmið tengd málefninu.

Tillaga til þingsályktunar um tryggan lágmarkslífeyri
Stjórn PÍ telur vissulega að búa skuli svo um hnútana að allrar sanngirni sé gætt við ákvörðun um bætur almannatrygginga. Hins vegar treystir stjórnin sér hvorki til að leggja mat á framkomna tillögu né hugsanleg hliðaráhrif þess ef hún yrði samþykkt.

Prátt fyrir þessar stuttu og einföldu umsagnir skal hér áréttuð þökk stjórnar Prestafélags Íslands fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um fyrirliggjandi þingmál.

Virðingarfyllst,

Ólafur Jóhannsson
sr. Ólafur Jóhannsson formaður PÍ